

Greinargerð

Samantekt á viðbrögðum við athugasemdum að loknum kynningartíma stjórnunar- og verndaráætlunar fyrir náttúruvættið Litluborgir í Hafnarjarðarbæ

Drög að stjórnunar- og verndaráætlun fyrir Litluborgir voru lögð fram til kynningar þann 8. september 2022 og umsagnar- og samráðsaðilum sem og öðrum þeim sem láta sig svæðið varða var gefinn kostur á að senda inn ábendingar og athugasemdir. Kynningartíminn var auglýstur á heimasíðum Umhverfisstofnunar og Hafnarjarðarbæjar. Frestur til að skila inn ábendingum og athugasemdum var til og með 20. október en framlengdur til 31. október 2022. Erindi voru send til samráðsaðila þar sem vakin var athygli á kynningarferlinu. Alls bárust athugasemdir og ábendingar frá þremur aðilum auk umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytis.

Hér á eftir er gerð grein fyrir viðbrögðum við athugasemdum og ábendingum sem bárust á kynningartíma og þeim breytingum sem gerðar voru á tillögu að stjórnunar- og verndaráætlun í kjölfar kynningarferlisins. Samstarfshópur sem vann að undirbúningi áætlunarinnar þakkar öllum sem sendu ábendingar og athugasemdir.



<p>Náttúrufræðistofnun Íslands</p> <p>Náttúrufræðistofnun Íslands gerir ekki athugasemdir við innihald stjórnunar- og verndaráætlunar fyrir Litluborgir en leggur áherslu á að aðgerðir endurspegli markmið friðlýsingarinnar á fullnægjandi hátt. Um sé að ræða merkar jarðmyndanir og viðkvæmt gróðurlendi sem verði að hlífa fyrir raski. Svæðið sé ekki stórt og minnstu inngrip geti sett mark sitt á það og dregið úr verndargildi þess.</p> <p>Bent er á að koma þurfi í veg fyrir að umferð um svæðið sé of mikil og göngustíga og merkingar þurfi að útfæra með það að markmiði.</p> <p>Íhuga þurfi vandlega hvort viðburðir og kvikmyndataka eigi yfir höfuð erindi inn á svæðið og skilgreina þurfi hvernig skilyrði eiga við um slíkt. Jákætt sé að aðgerðir séu skilgreindar til að koma í veg fyrir jarðvegsrof og gróðureyðingu og að stefnt sé að því að vakta framgang framandi tegundir plantna og uppræta eftir þörfum.</p>	<p>Viðbrögð samstarfshóps</p> <p>Í stjórnunar- og verndaráætlun og aðgerðaáætlun sem henni fylgir er lögð áhersla á að fylgst verði með álagi og gróður endurheimtur á þeim svæðum sem hafa látið á sjá vegna umferðar. Innviðir verði lágstemmdir í anda svæðisins.</p> <p>Gert er ráð fyrir lítt áberandi innviðum s.s. einföldum göngustígum og lágum stikum.</p> <p>Texta var breytt í þá veru að sækja þarf um leyfi vegna hvers kyns viðburða. Þannig næst samtal við umsækjanda og hægt að meta álag á svæðið sem orðið getur vegna fyrirhugaðs viðburðar. Dæmi um skilyrði voru sett inn.</p>
<p>Landgræðslan</p> <p>Landgræðslan gerir ekki athugasemdir við stjórnunar- og verndaráætlunina og er reiðubúin að veita frekari upplýsingar og ráðgjöf um þá þætti er að verksviði hennar snúa.</p> <p>Landgræðslan ítrekar að jarðminjar og gróður við Litluborgir sé afar viðkvæmur fyrir átroðningi og hverskonar raski. Tilefni sé til að huga sérstaklega að aðgangsstýringu, skipulagi og stígagerð.</p> <p>Landgræðslan vill koma á framfæri að uppbygging innviða er í sjálfu sér aðdráttarafl sem felur í sér vaxandi fjölda gesta með vaxandi álagi. Landgræðslan bendir á leiðbeiningar um gerð náttúrustíga er á síðunni godarleidir.is</p>	<p>Í kafla 2.1. kemur fram að svæðið sé mjög viðkvæmt fyrir ágangi. Bætt var inn í kafla 2.5. að gönguleiðir yrðu einfaldir náttúrustígar.</p> <p>Gert er ráð fyrir lágstemmdum innviðum í náttúruvættinu, bæði stígum og skiltum, sjá kafla 2.5.</p> <p>Tekið er undir að innviðir geti verið aðdráttarafl og því er lögð áhersla á að þeir verði mjög lágstemmdir og hugsaðir fyrst og fremst til að hlífa náttúruminum fyrir raski. Þakkað er fyrir ábendinguna en gert ráð fyrir enn lágstemmdari stígum en list er í godarleidir.is.</p>

<p>Landsnet</p> <p>Landsnet vekur athygli á því að afmarkað beltí fyrir háspennulínur sé við þaðar verndarsvæðisins og að innan þess geri aðalskipulag ráð fyrir möguleika á að bæta við línuframkvæmdum. Fram kemur að aðstæður geti skapast þar sem þörf verði á að leggja nýja línu sem færi meðfram Búrfellslínu 3b og fram hjá Litluborgum. Haga mætti legu línu þannig að komast mætti hjá beinu raski á verndarsvæðinu en óhjákvæmilega yrði línan sýnileg innan verndarsvæðisins.</p>	<p>Lagning háspennulína er háð framkvæmdaleyfi Hafnarfjarðarbæjar. Bætt var inn kafla 2.3.3. Mannvirki, þar sem fram kemur að hugsanlega verði ný háspennulína lögð meðfram Búrfellslínu 3b og að hún verði sýnileg frá verndarsvæðinu. Afar mikilvægt sé að hún hafi ekki önnur áhrif á Litluborgir enda er svæðið mjög viðkvæmt. Framkvæmdin sjálf verði utan þess.</p> <p>Sjá má að mosi undir og í kringum núverandi möstur hefur látið á sjá og skal bent á að mikilvægt er að möstur verði reist alfarið utan verndarsvæðisins og að veðurfarsleg lína frá mastri liggi ekki yfir svæðið.</p>
<p>Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytið</p> <p>Ábendingar bárust frá umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytinu.</p>	<p>Unnið var úr ábendingum ráðuneytisins.</p>